




*Íltu lesa
fyrir mig?*



ÍSLENSKA
LESTRARFÉLAGIÐ



áltaka er líklega eitt flóknasta og viðamesta nám sem nokkur maður stundar á lífsleiðinni.

Fyrstu æviár barnsins fer mikill tími og orka í að ná valdi á málinu. Barnið lærir að tala með því að prófa sig áfram og sum börn byrja fyrr en önnur. Óhætt er að fullyrða að barnið lærir ekki að tala nema með því að heyra talað í kringum sig. „Því læra börnin málið að það er fyrir þeim haft“. Lestur er góð leið til þess að efla málþroska og auka orðaforða barnsins.

Þess vegna eigum við að lesa fyrir barnið.

Barnið verður að heyra hljóm málsins og áherslur. Rannsóknir sýna að því meira sem það hefur lesið eða lesið hefur verið fyrir það, þeim mun auðveldara á barnið með að orða hugsanir sínar, segja það sem þarf að segja.

Barn sem mikið er lesið fyrir á auðveldara með að tileinka sér

efni í bókum. Það nýtist barninu vel þegar það byrjar í skóla og léttir því allt nám.

Með því að lesa fyrir barnið eða segja því sögu erum við að hlúa að rótum málsins. Þá er auðveldara að vökva og njóta uppskerunnar síðar meir.

Með því að segja sögu miðlum við barninu reynslu og þekkingu og sýnum því innstu tilfinningar okkar. Söguna þarf að segja þannig að hún nái til hjartans.

Best er að byrja sem fyrst að lesa fyrir barnið - áður en það fer að tala. Þannig venst barnið við að hlusta á lestur þótt það skilji ekki allt sem sagt er. Hlustun er mikilvægur þáttur í máltöku barnsins.

Barnið skilur söguna þótt eitt og eitt orð hljómi ókunnuglega. Það er vant því að læra ný orð á hverjum degi og kippir sér ekki upp við að heyra torskilin orð. Oft ræðst líka skilningur af samhenginu.





Lestur er róandi.

Þegar lesið er skapast trúnaðarsamband milli þess sem les og þess sem hlustar. Nálægðin sem fylgir er mikilvæg, hún veitir öryggi og býr til lítinn heim sem barnið á út af fyrir sig með þeim sem les.



Ilir geta lesið sögur.

Foreldrar þurfa ekki að vera þjálfaðir upplesarar til að geta lesið fyrir barnið sitt. Barnið vill miklu fremur heyra rödd foreldra sinna en annarra þótt þá reki í vörðurnar. Barnið er þakklátur hlustandi sem heimtar ekki leikræna tilburði af lesaranum. Það er að biðja um hlýju og tengsl, sögu og orð.

Mikilvægt er að ætla sér stutta stund á degi hverjum til þess að lesa fyrir barnið.



Tíminn þarf ekki að vera langur, kannski fimmtán mínútur. Nauðsynlegt er að hafa næði þessa stund sem getur verið notaleg slökun í amstri dagsins.

Hægt er að treysta því að þeim tíma sem fer í lestur er vel varið.

Barninu þykir gott að hafa einhvern til að spyrja um efni sögunnar, fá að vera þátttakandi í frásögninni, lifa sig inn í hana, láta hugga sig. Oft er gott að ræða það sem lesið hefur verið og velta fyrir sér hvað komi næst og hvernig fari fyrir söguhetjunni.

Útskýringar geta dregið úr töfrum sögunnar, stundum er þó nauðsynlegt að tala við barnið um einstök orð eða hugtök ef þau skipta máli fyrir atburðarásina.

Gott er að kynna sér bókina sem á að gefa barninu.

Betra er að kynna sér efni bókarinnar sem á að lesa fyrir barnið. Þá er auðveldara að svara spurningum þess.

Þegar barnið eldist og fer að lesa sjálft er einnig gott að foreldrar kynni sér bókina sem barnið er að lesa svo hægt sé að spjalla saman um hana.



Foreldrum á ekki að standa á sama um hvað barnið les.

Snælda kemur ekki í staðinn fyrir manneskju en hún er betri en ekkert.

Hvernig er hægt að vekja áhuga barnsins á því að lesa?

slægjast? Það hljómar ekki mjög sannfærandi í eyrum barnsins að bækur séu eftir-sóknarverðar, fræðandi og skemmtilegar ef fullorðna fólkíð sést aldrei lesa bók.



Þó gangur að bókum er mikilvægur. Ekki er nauðsynlegt að koma sér upp bókasafni heima í einu veffangi heldur fá lánað á bókasöfnum, á skólasafninu og hjá vinum og vandamönnum.

Það er líka ágætt ráð að lesa nokkrar upphaldssögur inn á snældu fyrir barnið til að nota þegar það er lasið, foreldrarnir eru ekki heima eða fá gesti.

Snælda kemur ekki í staðinn fyrir manneskju en hún er betri en ekkert.

Börn hafa áhuga á ýmsu svo sem bílum, blómum, dansi, dýrum, ferðalögum, flugvélum, fornum goðum, framandi þjóðum, fuglum, íþróttum, jötnum, kvikmyndum, pýramídum, skák, stjörnum, tónlist, tölvum, veðri og mörgu fleiru. Tilvalið er að ýta undir áhuga þeirra á lestri með því að halda að þeim bókum um margvísleg efni.

Þetta þarf að hafa í huga þegar bók er valin fyrir barnið:

- Hve gamalt er barnið?
- Hvað hefur áður verið lesið fyrir barnið?
- Veldu bækur sem þér þykja skemmtilegar eða þóttu skemmtilegar í æsku þá hefurðu meiri ánægju af því að lesa fyrir barnið.
- Því meira sem lesið hefur verið fyrir barnið þeim mun meiri er skilningur þess.



Þó að barnið sé farið að lesa sjálft er mikilvægt að hætta ekki að lesa fyrir það heldur lesa áfram þyngri texta en barnið ræður sjálft við. Það eykur orðaforða og skilning.



I myndunaraflið er einn af mikilvægustu hæfileikum mannsins. Nauðsynlegt er að rækta ímyndunaraflið. Það er leið barnsins til að átta sig á fjölbreytni lífsins.

Raunveruleikinn getur verið ævintýri í huga barnsins og ævintýrið raunveruleiki. Það sem fullorðnum þykir einungis saklaust ævintýri getur orðið rammasta alvara og raunveruleiki í huga barnsins. Barnið endurskapar hetjuna, tekur að sér hlutverk hennar og reynir að líkjast henni, jafnvel breyta henni.



Barnið þolir líka að heyra ógnvekjandi eða sorglegar sögur öðru hvoru. Það ákveður sjálft ljótaleikann. Þar kemur ímyndunaraflið því til hjálpar.

- Ef þú segir sögu aðeins til að miðla list - nást töfrarnir ekki.
- Ef þú segir sögu aðeins til að kenna - nást töfrarnir ekki.
- Ef þú segir sögu aðeins til að skemmta - nást töfrarnir ekki.
- Ef þú spinnur þetta þrennt saman koma töfrarnir í ljós.



M óðurmálið er dýrmætasta eign okkar en það þarf að rækta. Það er vinnutæki allra, hvar sem þeir starfa. Þess vegna erum við að leggja grunninn að farsæld barnsins með því að lesa fyrir það sögukorn, helst á hverjum degi. Það þarf ekki að vera löng stund í einu en hún ætti að verða sjálfsagður þáttur í uppeldi allra barna. Rödd fullorðinna, mömmu og pabba, eldri systkina, ömmu og afa er eins og skjól í þessum stóra heimi.



estur

- eflir málþroskann
 - eykur tilfinninguna fyrir málinu
 - bætir orðaforðann
 - venur barnið við að hlusta
 - er róandi
 - veitir öryggi
 - skapar trúnaðartraust milli barns og foreldris
 - veitir hlýju og nálægð
 - tengir barn og foreldri sterkum böndum
 - örvar ímyndunaraflíð
 - eykur skilning á fjölbreytileika lífsins
 - kennir barninu að orða hugsanir sínar
 - auðveldar nám
 - eykur þekkingu
- þess vegna eigum við að lesa fyrir barnið

